

Þórarinn Eldjárn:

Rauðblá vindseng

Hvað var fólkið eiginlega að meina? Það var eins og gjörvallur frændgarðurinn í marga ætliði héldi að ég væri einhver meiri háttar útilegumaður eða ferðagarpur. Ég sem var ekki einu sinni ylfingur, hvað þá skáti. Eða stóð kannski til að beina mér inn á þessa braut? Voru þetta fyrirbyggjandi aðgerðir? Átti að reyna að halda mér frá sollinu í bænum „á þeim umbrotárum er nú færú í hönd“ eins og presturinn orðaði það, með því að sjá til þess að ég yrði þrammandi upp um fjöll og firnindi um hverja einustu helgi út allt gelguskeiðið? Þetta

hræðilega hörmungaskeið sem ég beið með óþreyju eftir að hæfist hjá mér.

Það var ekki laust við að eitthvað slíkt gæti hvarflað að manni út frá fermingargjöfunum. Að úri og peningum frátöldum var nokkurn veginn allt sem ég fékk beinlínis af ferðamálasviðinu: Það var tjald frá Geysi, það var svefnpoki, það var bakpoki, það var pírmus, það var fjögurra manna matar- og kaffistell í tösku. Og til að kúrsinn væri á hreinu og ekki yrði um að villast til hvers var ætlast: Öll Íslands-kort Landmælinga ríkisins ásamt áttavita, Landið þitt Ísland eftir Þorstein Jósefsson, Fuglar Íslands og Evrópu þýddir og staðfærðir af dr. Finni Guðmundssyni, Flóra Íslands eftir Stefán Stefánsson og svo loks skírteini sem vottaði að ég væri Orðinn meðlimur í Ferðafélagi Íslands og lúkkulegur hand-hafi árbóka sama félags fimm ár aftur í tímann.

Allt var þetta áreiðanlega vel meint, en mér leist sattu að segja elkkert á blikuna þegar ég gerði snögga úttekt á varningnum eftir að síðustu gestirnir voru farnir úr veislunni með mæjónes í munnavikum og ræðuhöld í eyrum. Jafnvel úrið og peningana sá ég í nýju ljósi: Ég mundi sjálfsgert neyðast til að nota sérhvern eyri í fargjöld og pierpointinn ætti að líkindum einna helst eftir að nýfast mér til þess að ég væri örugglega alltaf nærtur á slaginu í rútturnar niðri á BSÍ.

En svo var reyndar líka þessi ágæta vind sæng.

Rauð á annarri hljóðinni og blá á hinni. Auðvitað var hún þhugsuð sem hluti af ferðamálapakkanum, en það bjó líka ýmislegt annað í henni. Til dæmis var sýnt í meðfylgjandi leiðarvísni hvernig auðveldlega mátti breyta henni í forláta hægingastól. Dýnan skipstist nefnilega í þrjú hólf sem blásin voru upp hvert fyrir sig. Fyrst var það koddinn, feitur og kubbulegur, en síðan dýnan sjálf í tveimur hlutum jafnstórum sem reisa mátti upp eins og burst sem myndaði bakkið í stólnum, en koddinn varð að sessu. Með fylgdu svo tvö bönd, rauð öðrumegin og blá hinumegin, með krókum á báðum endum sem krækja mátti í þartilgerð göt í jöðrunum á hvorum dýnuhelmingi fyrir sig til að halda öllum heilu herlegheitunum í skefjum, svo bakkið yrði ekki gliðsa og maður hlunkaðist í gólfö.

Enginn hafði haft rænu á því að gefa mér pumpu, svo ég neyddist til að blása upp dýnuna, eða stólinn öllu heldur, með lofti úr eigin lungum. Það var erftu, og mig þrælsvimaði og ég var rétt liðinn út af þegar stóllinn var loks tilbúinn. Ég hlammaði mér í hann allshugar feginn.

Þetta var hinn þægilegasti stóll og ég fór að hugsa um það að nú væri allur heilagur andinn sem mér hafði fundist koma yfir mig í kirkjunni um

morguninn búinn að yfirgefa mig og kominn í dýnuna rauðu og bláu. Það var ljóst að ég yrði að verja einhverju af peningunum í kaup á pumpu. Og fyrst ég væri þá á annað borð staddur í Sportbúðinni gæti ég auðvitað reynt að skila einhverju af öllu hinu dótinu. Ég hlýti að geta fengið peningana í staðinn, annað væri ekki réttlátt. Ég hafði alls ekki hugsað mér að gerast einhver nýr Fjalla-Byvindur, því fór víðsfjarri. En dýnunni – hægindastólnum – ætlaði ég mér að halda, það var á hreinu.

Í slíkum þönkum sat ég þegar barið var að dýrunum og stórbróðir birtist til að „skoða útkommuna“ eins og hann kallaði það. Hann var hinn alúðlegasti og hældi gössinu á alla enda og kanta, svo ég kunni alls ekki við að vera neitr að kvarta, enda hafði hann sjálfur gefið mér bakpokann. Hann fór yfir gripina, einn af öðrum, og fór um þá viðurkenningarorðum. Loksbeygði hann sig niður að vindsaenginni, strauk hendi eftir henni og kleip í koddann, en tókst í þeim svifum að sá svo sem eins og einu óánægjufræi að skilnaði.

– Helvíti flott, sagði hann, fyrst þér er sama þó hún sé í svona stelpulit.

Þá fyrst áttaði ég mig á því að ég hafði látið rauðu hliðina snúa út.

– Hún er blá hinumegin, sagði ég.

– Já já, þær eru það allar, en svo er misjafnt hvort þær eru grænar, gular eða svartar á hinni hliðinni. Rautt er stelpulitur. Var það ekki Dúdda frænka sem gaf þér þetta?

Þegar ég mætti í Sportbúðinni daginn eftir lét ég mér því ekki nægja að festa kaup á pumpu og kynna mér möguleika á að skipta einhverju af ferðadótinu, heldur hafði ég líka rauðbláu vindsaengina með mér til að kanna hvort ekki væri hægt að fá hana í öðrum lit.

Það var auðsótt mál að fá pumpuna, en ekki reyndist viðlitt að fá pening í staðinn fyrir neitr af hinu. Það gat ekki orðið nema innleggsnóta. Ég lét augun líða um hillurnar og þótti þar fát um fína drætti. Ekkert nema boltar af öllum stærðum og gerðum, íþróttabúningar, hlaupaskór og sundskýlur. Ofan í skúffu vissi ég að til voru íþróttabindi. Mér fannst það sátt að segja ekki heilandi tilhugsun að skipta öllum fermingargjöfunum mínum fyrir óvísst hlutabréf í kannski eitthundrað pungbindum.

Afgreiðslumaðurinn var ungur töffari og hann hefur sennilega skynjað að þessi tíðindi yllu mér nokkrum vonbrigðum.

– Blessaður vertu, þú skalt halda öllu þessu úti-

legudóti, þú sérð ekki eftir því. Þetta er nú varla nema árið í að þú farir að skella þér á úihátíðir. Með svona græjur áttu sko alveg eftir að vaða í píunum uppi í Þjórsárdal eða í Þórsmörk og jafnvel í Vaglaskógi. Þú verður ekki fyrir búinn að tjalda en það verður komin biðröð við rennilásinn.

Þetta hafði ég ekki hugsað út í. Ég sá gjafirnar mínar í alveg nýju ljósi og fann að maðurinn hafði mikið til síns máls, þó ég sæi reyndar ekki alveg hvar áttavittinn eða Flóra Íslands kæmu inn í dæmið.

Þá var ekkert eftir nema að skipta vindsænginni, en því miður var enginn annar litur til og ekki væntanlegur. Og nú komst þessi ágæti huggari og fortölumaður á flug:

- Stelpulitur? Já, fattarðu það ekki maður? Það er einmitt málið. Það er ekkert sem laðar þær betur að. Og svo er rautt náttúrulega rosalega praktískt þegar þú ferð að afmeyja þær á dýnunni alveg á færibandí út um allar sveitir.

Þó ég sæi væntanlegan flagaraferil minn blasa við í rósráuðum hillungum er ég heyrði þessi orð og risi næstum hold af tilhlökkun, reyndi ég samt að malda í móinn, bara svona til málamynda.

- En bláa hliðin, sagði ég og mjakaði mér nær dýrunum með dýnunna í fanginu, til hvers er hún þá?

- Aðalspíkur maður, æpti afgreiðslumaðurinn og baðaði út öllum öngum, leidiár og prinsessur, þú veist aldrei hvenær þú lendir í því að þurfa að afmeyja eina svoléiðis.